



3. stjórnarfundur Almannaheilla

haldinn 22. ágúst 2018 kl.09:00 – 11:00 í Sigtúni 42

Mætt eru: Ásdís Eva Hannesdóttir (ÁEH), Erna Arngrímsdóttir (EA), Erna Reynisdóttir (ER), Guðrún Helga Bjarnadóttir (GHB), Hildur Helga Gísladóttir (HHG), Jónas Guðmundsson (JG), Ketill Berg Magnússon (KBM), Ragnheiður Sigurðardóttir (RS), Vilhjálmur Bjarnason (VB) og Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ).

Forföll boðuðu: Árni Einarsson (ÁE), Guðlaug B. Guðjónsdóttir (GBG) og Steinunn Hrafnisdóttir (SH).

1. Fundur settur kl. 09:00

2. Afgreiðslumál – *sjá ýtarlegri skýringar í meðfylgjandi glærum.*

- Lýsa 7. – 8. september á Akureyri
Stjórn fól HHG og JG að leggja til tillögur á næsta stjórnarfund um útfærslu á greiðslu styrkja til aðildarfélaganna Almannaheilla í tengslum við ferðakostnað á Lýsu.
- Ábendingar til siðanefndar
Stjórn fól GHB, ER og VB að skoða málið og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.
ER, GHB og KBM falið að athuga með núverandi vinnu við endurskoðun á siðareglum sem síðasta stjórn fór af stað með.
- Námskeið fyrir stjórnir
Samþykkt að bjóða upp á námskeið fyrir stjórnir á Lýsu og seinna meir í Reykjavík. KBM og ÞÞ falið að skoða dagsetningar með fyrirlesara.
- Afmælishátíð Almannaheilla
KBM og ÞÞ vinna að verkefni og er það í góðum farvegi. Unnið er að tillögum að viðurkenningarskjöllum.
- Lagafrumvarp – eftirfylgni
Stjórn fól KBM og VB að vinna áfram með málið.



3. Stefnumótun

Stjórn skipti sér niður á hópa og eins skipti verkefnum niður á hópana.

Lagaramminn: Ketill formaður, Jónas, Erna A. og Ásdís.

Verkefni: Lagaramminn – Hópefli – Tölfræðivinnsla

Fræðsla og fagmennska: Þóra formaður, Ragnheiður og Guðrún.

Verkefni: Fræðsla fyrir stjórnendur - Skilgreina gæðaviðmið - Málþing og fræðslufundir –
Innrastarf – Siðareglur – Persónuverndarlögin, ráðgjafapjónusta

Sýnileiki og viðburðir: Erna R. formaður og Hildur Helga.

Verkefni: Lýsa – Afmælishátíð – Heimasíðan - Fjölgun aðildarfélaganna.

Formaður hvers hóps hefur það hlutverk að boða til fundar. Ef formaður boðar ekki fundi hefur hópurinn sameiginlega ábyrgð á því að boða til fundar.

4. Önnur mál

Boðað er til hópeflis hjá stjórn fimmtudaginn 13. september kl. 18:00 – 21:00 á Óðinsgötu 7. Matur og spjall.

Stjórnarfolk er hvatt til þess að hvetja sína félagsmenn til þess að fjölmenna og taka þátt á Lýsu 7. – 8. september nk.

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 5. september kl. 09:00 í Sigtúni 42.

RS ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 11:00.